

FOSSAR FJÁRFESTINGARBANKI HF.

Starfsreglur áhættunefndar

1. Markmið

- 1.1 Áhættunefnd Fossa fjárfestingarbanka hf. (hér eftir nefnt „félagið“ eða „Fossar“) er ætlað að sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn félagsins, m.a. vegna mótunar áhættustefnu og áhættuvilja Fossa og samstæðunnar í heild. Nefndin hefur eftirlit með fyrirkomulagi og virkni áhættustýringar, stýringu útlánaáhættu, markaðsáhættu, rekstraráhættu og annarri áhættu eftir því sem tilefni er til, á samstæðugrundvelli.
- 1.2 Markmið áhættunefndar er að starfa samkvæmt íslenskum lögum og reglum og góðum stjórnarháttum. Áhættunefnd er skipuð af stjórn í samræmi við 78. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
- 1.3 Nánar er kveðið um hlutverk og verkefni nefndarinnar í 7. gr. þessara reglna
- 1.4 Áhættunefnd félagsins gegnir hlutverki áhættunefndar samstæðunnar í því skyni að samræma og tryggja fagleg vinnubrögð innan samstæðunnar, svo fyrirtækjamenning sé samræmd og að tryggja að þeim reglum og stefnum félagsins sem settar eru á samstæðugrundvelli sé fylgt og þær innleiddar hjá dótturfélögnum.
- 1.5 Starfsreglur þessar gilda um áhættunefnd Fossa á samstæðugrunni og skal áhættunefndin sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn félagsins og stjórnir mikilvægra dótturfélaga og hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni áhættustýringar og áhættuvilja á samstæðugrundvelli.

2. Nefndarmenn

- 2.1 Stjórn Fossa skipar áhættunefnd og formann nefndarinnar.
- 2.2 Áhættunefnd skal skipuð árlega á fyrsta reglulega stjórnarfundum eftir aðalfund félagsins.
- 2.3 Áhættunefnd skal skipuð að minnsta kosti þremur aðilum sem allir skulu vera stjórnarmenn. Meirihluti nefndarinnar skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Formaður nefndarinnar skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum og skal formaður stjórnar ekki vera formaður nefndarinnar.
- 2.4 Nefndarmenn skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að móta áhættustefnu og áhættuvilja Fossa.
- 2.5 Starfsmenn Fossa og dótturfélaga þess skulu ekki eiga sæti í áhættunefnd.
- 2.6 Nefndarmenn eru bundnir trúnaði um málefni félagsins og önnur þau atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn.

3. Heimildir og aðgengi að gögnum

- 3.1 Áhættunefnd hefur heimild til nauðsynlegrar upplýsingaöflunar innan samstæðunnar til þess að geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt starfsreglum þessum. Áhættunefnd hefur óheftan aðgang að stjórn, stjórnendum og þeim starfsmönnum Fossa og mikilvægra dótturfélaga félagsins sem hafa fengið það hlutverk að aðstoða áhættunefnd í verkefnum hennar, í því skyni að fá upplýsingar sem nefndin telur nauðsynlegt að fá vegna starfa sinna.
- 3.2 Áhættunefnd hefur heimildir og fjárhagslegt svigrúm til að leita sér óháðrar ráðgjafar eins og hún telur nauðsynlegt til að geta uppfyllt skyldur sínar. Skal nefndin leggja mat á óhæði ráðgjafa eftir því sem við á.
- 3.3 Starfsmenn samstæðunnar skulu hafa óheftan aðgang að áhættunefnd.

4. Ábyrgð

- 4.1 Stjórn Fossa ber ábyrgð á störfum áhættunefndar sem starfar í umboði stjórnar. Stofnun nefndarinnar dregur því ekki úr ábyrgð stjórnar Fossa né leysir hana undan ábyrgð.
- 4.2 Áhættunefnd skal starfa sem samskiptaaðili milli stjórnar félagsins og stjórnenda
- 4.3 Nefndin skal jafnframt aðstoða stjórn við að uppfylla skyldur sínar með því að starfa sem óháður og hlutlægur aðili og inna af hendi störf samkvæmt 7. gr. þessara reglna.

5. Fundir og starfshættir

- 5.1. Fundir áhættunefndar skulu haldnir að lágmarki ársfjórðungslega í samræmi við starfsáætlun nefndarinnar.
- 5.2. Formaður áhættunefndar skal boða til funda. Hann getur boðað fundi að eigin frumkvæði eða að ósk annarra nefndarmanna. Einnig geta forstjóri, áhættustjóri, innri endurskoðandi eða regluvörður óskað eftir að funda einslega með nefndinni.
- 5.3. Áhættunefnd gerir árlega starfsáætlun um störf sín þar sem fram kemur m.a. tímasetning funda yfir starfsárið, verkefni hvers fundar og þeir ytri aðilar sem koma inn á fundina.
- 5.4. Til að fundur sé ályktunarbær þurfa að minnsta kosti tveir nefndarmenn að sitja fundinn. Meirihluta atkvæða þarf til að samþykkja tillögur. Falli atkvæði jöfn á fundi nefndarinnar fer formaður hennar með odda atkvæði.
- 5.5. Formaður nefndarinnar skal, í samvinnu við yfirmann áhættustýringar, undirbúa dagskrá funda sem ásamt fundargögnum sem skulu vera aðgengileg nefndarmönnum á vefsvæði nefndarinnar fyrir fundi að jafnaði þremur virkum dögum fyrir fund.
- 5.6. Nefndin skal skipa ritara til ritunar fundargerða. Samþykkt fundargerð skal vera undirrituð af nefndarmönnum sem sátu fund. Hafi nefndarmaður ekki setið fund skal hann staðfesta með undirskrift sinni á fundargerð að hafa kynnt sér efni hennar. Nefndin skal halda fundargerðarbók. Stjórn og forstjóri félagsins skulu hafa aðgang að fundargerðum nefndarinnar.
- 5.7. Yfirmaður áhættustýringar skal taka þátt í fundum áhættunefndar. Áhættunefnd skal bjóða öðrum stjórnendum, starfsmönnum eða aðilum utan samstæðunnar á fundi sína til upplýsingagjafar eftir þörfum. Það er ákvörðun nefndarinnar hvort stjórnendur félagsins, eða samstæðunnar, innri endurskoðandi eða ytri endurskoðendur séu viðstaddir fundi nefndarinnar.
- 5.8. Störf nefndar skulu almennt fara fram á fundum hennar. Heimilt er að halda símafundi og heimilt er fyrir einstaka nefndarmenn að vera viðstaddir fund í gegnum síma eða annan fjarfundabúnað. Jafnframt er heimilt að afgreiða erindi milli funda þannig að það sé kynnt nefndarmönnum skriflega, þ.e. með tölvupósti, og atkvæðagreiðsla meðal nefndarmanna haldin skriflega. Ákvarðanir sem þannig eru teknar skulu bókaðar í fundargerð næsta fundar.
- 5.9. Áhættunefnd skal funda að lágmarki árlega með innri endurskoðanda félagsins.
- 5.10. Áhættunefnd skal funda reglulega án yfirmanns áhættustýringar og annarra stjórnenda eða starfsmanna félagsins.

6. Samskipti við stjórn

- 6.1. Áhættunefnd skal upplýsa stjórn um störf sín á hverju stjórnarfundum undir sérstökum dagskrárlíð er fjallar um störf undirnefnda stjórnar. Gera skal m.a. grein fyrir þeim álitaeftum sem hafa verið til skoðunar hjá nefndinni og tillögum þeim tengdum.
- 6.2. Áhættunefnd skal að minnsta kosti árlega skila skýrslu um helstu viðfangsefni nefndarinnar á starfsárinu til stjórnar félagsins.
- 6.3. Þá skal nefndin í skýrslu til stjórnar gera grein fyrir því hvort hvatar sem falist geta í starfskjarastefnu félagsins, þar á meðal kaupaukum, samræmast áhættustefnu samstæðunnar.
- 6.4. Einnig skal nefndin í árlegri skýrslu til stjórnar gera grein fyrir því hvort kjör á eignum og skuldbindingum, þar á meðal á innlánum og útlánum, sem boðin eru viðskiptavinum, taki að fullu mið af viðskiptalíkani og áhættustefnu félagsins. Ef kjör endurspeglar ekki áhættuna samkvæmt viðskiptalíkani og áhættustefnu félagsins skal áhættunefnd leggja fram úrbótaáætlun til í skýrslu sinni til stjórnar.
- 6.5. Áhættunefnd ber að framkvæma árangursmat á störfum nefndarinnar, m.a. skilvirkni starfa nefndarinnar, einstakra nefndarmanna og samsetningu nefndarinnar eigi sjaldnar en árlega og upplýsa stjórn um niðurstöður matsins.
- 6.6. Auk þeirra verkefna sem sérstaklega eru talin upp í starfsreglum þessum getur stjórn félagsins falið áhættunefnd að skoða og fylgja eftir hverskonar álitaeftum varðandi áhættustýringu Fossa. Nefndin getur jafnframt tekið slík álitaefti upp að eigin frumkvæði.

- 6.7. Nefndin skal gera tillögur til stjórnar varðandi álitaefni sem nefndin hefur orðið vör við í tengslum við ábyrgðarsvið sitt og telur að ættu að koma til skoðunar hjá stjórn félagsins.

7. Verkefni

7.1. Áhættustefna og aðrar stefnur og reglur um áhættu og áhættustýringu

- 7.1.1. Áhættunefnd er stjórn félagsins til ráðgjafar við mótun áhættustefnu og áhættuvilja samstæðunnar og skal aðstoða stjórn við eftirlitshlutverk hennar.
- 7.1.2. Áhættunefnd er ráðgefandi við stjórn varðandi áhættumeningu innan félagsins.
- 7.1.3. Áhættunefnd skal árlega yfirfara áhættustefnu félagsins, þ.m.t. yfirlýsingu um áhættuvilja, tillögur að breytingum að stefnunni og leggja slíkar breytingar til samþykktar fyrir stjórn.
- 7.1.4. Áhættunefnd skal hafa eftirlit með því að áhættustefnunni sé fylgt í starfsemi félagsins, m.a. hafa eftirlit með fylgni félagsins við áhættuvilja þess.
- 7.1.5. Áhættunefnd skal vera ráðgefandi fyrir stjórn um nauðsynlegar tilfallandi breytingar á áhættustefnu, m.a. vegna breytinga á viðskiptalíkani félagsins, þróun á markaði eða samkvæmt tillögum áhættustýringar.
- 7.1.6. Áhættunefnd skal yfirfara árlega aðrar stefnur félagsins er varða áhættustýringu, sér í lagi með tilliti til þess hvort þær fjalla á fullnægjandi hátt um alla lykiláhættuþætti í starfsemi félagsins, yfirfara tillögur að breytingum á stefnunum og leggja til samþykktar fyrir stjórn.
- 7.1.7. Áhættunefnd skal fá kynningar á breytingum á öllum öðrum reglum, ferlum og viðmiðum áhættustýringar, kynna sér helstu þætti í þeirra og gefa álit á þeim eftir þörfum, m.a. hvort þær eru í samræmi við áhættustefnu og áhættuvilja félagsins.

7.2. Umgjörð áhættustýringar og áhættumörk

- 7.2.1. Áhættunefnd skal hafa eftirlit með áhættustýringarkerfum og ganga reglulega úr skugga um að áhættumats- og eftirlitsferli séu viðunandi, að umgjörð félagsins fyrir greiningu og stýringu á áhættuþáttum sé fullnægjandi, að áhættumatslíkön félagsins séu skilvirk og gera tillögur til stjórnar að úrbótum ef nauðsyn ber til.
- 7.2.2. Áhættustýring skal árlega leggja mat á virkni áhættustýringar í tengslum við alla lykiláhættuþætti félagsins.
- 7.2.3. Áhættunefnd skal leggja mat á hvort nægjanlegum fjármunum og tíma sé varið í virka áhættustýringu og áhættumat þannig að innan félagsins sé yfirsýn yfir helstu áhættuþætti sem og sjálfstæði, óhæði og heimildir áhættustýringar.
- 7.2.4. Áhættunefnd skal fjalla um tillögu að uppsögn áhættustjóra áður en slík tillaga er lögð fyrir stjórn.
- 7.2.5. Áhættunefnd skal yfirfara árlega fjárhagsleg markmið sem tengjast áhættustýringu, s.s. markmið um arðsemi eða ávöxtunarkröfu á eigið fé, og tillögur um breytingar á þeim og leggja til samþykktar fyrir stjórn ef við á.
- 7.2.6. Áhættunefnd skal yfirfara árlega og leggja mat á alla áhættumælikvarða og áhættumörk félagsins sem og tillögur að breytingum á þeim.
- 7.2.7. Áhættunefnd skal yfirfara árlega og leggja mat á innri skýrslugjöf félagsins um áhættu, m.a. skýrslugjöf áhættustýringar til stjórnar, og ákveða efni, form og tíðni þeirra upplýsinga sem stjórn og nefndin þurfa til að geta sinnt hlutverki sínu.

7.3. Innra mat á eiginfjárbörf og lausafjárbörf og endurbótaáætlun

- 7.3.1. Áhættunefnd skal yfirfara umgjörð félagsins fyrir innra mat á eiginfjárbörf og lausafjárbörf, tillögur að breytingum og leggja til samþykktar fyrir stjórn.
- 7.3.2. Áhættunefnd skal yfirfara tillögur til samþykktar fyrir stjórn varðandi niðurstöður innra mats á eiginfjárbörf félagsins (e. ICAAP) og innra mats á lausafjárbörf félagsins (e. ILAAP) ásamt skýrslu félagsins til Fjármálaeftirlitsins um niðurstöður þessa mats.
- 7.3.3. Áhættunefnd skal yfirfara helstu samskipti félagsins við Fjármálaeftirlitið í tengslum við SREP ferli þess á

félaginu.

- 7.3.4. Áhættunefnd skal yfirfara tillögur að breytingum á endurbótaáætlun (e. recovery plan) félagsins að lágmarki árlega og leggja til samþykktar fyrir stjórn.

7.4. **Álagspróf**

- 7.4.1. Áhættunefnd skal yfirfara umgjörð Fossa og dótturfélaga fyrir álagspróf sem og sviðsmyndir, forsendur og framkvæmd þeirra uak kynningar á niðurstöðum og leggja til samþykktar fyrir stjórn.
- 7.4.2. Áhættunefnd skal fara yfir sviðsmyndir, forsendur og niðurstöður stærri álagsprófa og gera tillögur að samþykkt stjórnar um aðgerðir í tilefni af þeim niðurstöðum ef nauðsyn ber til.

7.5. **Markaðsáhætta**

- 7.5.1. Áhættunefnd skal ákvarða heildarramma eigin viðskipta.

7.6. **Útlánaáhætta**

- 7.6.1. Áhættunefnd skal yfirfara og samþykkja lánareglur félagsins áður en þær eru lagðar fyrir stjórn til samþykktar.
- 7.6.2. Nefndin skal einnig yfirfara tillögur vegna afskrifta og afskriftastefnu félagsins m.t.t. útlánastefnu þessu.
- 7.6.3. Áhættunefnd skal ákvarða útlánaheimildir.
- 7.6.4. Áhættunefnd skal samþykkja sérstök áhættumörk sem talin eru nauðsynleg, t.d. tengt tilteknum vörum eða mótaðilum.
- 7.6.5. Áhættunefnd skal yfirfara verklagsreglur og gera tillögur að samþykkt stjórnar varðandi hæstu lánamörk fyrir einstakan lántakanda (eða hóp af tengdum lántakendum) og skilgreiningu á því hvað teljist hópur tengdra lántakenda.
- 7.6.6. Áhættunefnd skal yfirfara reglulega stöðu útlánasafns, m.a. samþjöppun, vanskil og þróun.

7.7. **Kjör á eignum og skuldbindingum**

- 7.7.1. Nefndin skal yfirfara hvort kjör á eignum og skuldbindingum samstæðunnar, þar á meðal á innlánnum og útlánnum til viðskiptavina, taki að fullu mið af viðskiptalíkani og áhættustefnu samstæðunnar

7.8. **Starfskjarastefna**

- 7.8.1. Nefndin hefur eftirlit með því að hvatar sem falist geta í starfskjarastefna samstæðunnar, þar á meðal breytilegum starfskjörum, samræmist áhættustefnu félagsins.
- 7.8.2. Nefndin skal a.m.k. árlega gefa stjórn skriflega mat á því hvort starfskjarastefna og viðskiptakjör samstæðunnar endurspeglar áhættustefnu og viðskiptalíkan hans. Sé það ekki raunin skal áhættunefnd leggja útbótaáætlun til stjórnar.

7.9. **Önnur verkefni**

- 7.9.1. Áhættunefnd skal hafa eftirlit með hlítingaráhættu og skal í því skyni funda að minnsta kosti árlega með regluverði félagsins sem ber ábyrgð á að stýra, vakta og meta hlítingaráhættu í félaginu.
- 7.9.2. Áhættunefnd skal yfirfara úttektir innri endurskoðunar á innri eftirlitsþáttum, einkum er varða áhættustjórnun, og funda í því skyni að lágmarki árlega með innri endurskoðanda.
- 7.9.3. Áhættunefnd skal upplýsa og eiga samstarf við endurskoðunarnefnd félagsins um málefni áhættustýringar, innra eftirlits og regluvörslu sem varða hlutverk eða skyldur endurskoðunarnefndar.
- 7.9.4. Stjórnendur Fossa geta óskað eftir aðstoð nefndarinnar við sérstök úrlausnarefni er varða félagið.

8. **Annað**

- 8.1. Áhættunefnd skal yfirfara starfsreglur þessar að lágmarki árlega og leggja til við stjórn viðeigandi breytingar, m.a. á verkefnum og hlutverki nefndarinnar.
- 8.2. Starfsreglur þessar skulu yfirfarnar og staðfestar af stjórn Fossa að lágmarki árlega að fenginni umsögn áhættunefndar.

Samþykkt af áhættunefnd Fossa fjárfestingarbanka þann 14. júní 2022 og afgreiddar til stjórnar til samþykktar þann 23. júní 2022.